

7. gr.

Að öðru leyti gilda almennar reglur um landsútsvör bankanna, skv. lögum og reglugerðum settum þar um.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 8 22. marz 1972 um tekjustofna sveitarfélaga til að öðlast gildi þegar í stað og fer um álagningu landsútsvara 1972 samkvæmt ákvæðum hennar.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1972.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 150.

21. júní 1972.

REGLUGERÐ

um orlof.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Orlofsgreiðslur fara fram með tvennum hætti. Annars vegar fá fastir starfsmenn orlofslaun, þ. e. þeir fá greidd venjuleg laun meðan þeir eru í orlofi. Aðrir launþegar fá hins vegar greitt orlofsfé, sem nemur a. m. k. $8\frac{1}{3}\%$ af launum þeirra í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Eigi skal þó reikna orlofsfé af greiðslum, sem ekki eru tekjuskattsskyldar hjá orlofsþega. Þetta ákvæði rýrir þó ekki viðtækari eða hagkvæmari orlofsrétt samkvæmt öðrum lögum, samningum eða venjum.

II. KAFLI

Orlofsfé.

2. gr.

Í hvert skipti, sem laun eru greidd, skal launagreiðandi afhenda launþega launaseðil, er sýni fjárhæð launa og orlofsfjár. Ráðuneytið lætur gera eyðublað fyrir launaseðil til þæginda fyrir aðila.

Innan þriggja virkra daga frá útborgun vinnulauna skulu launagreiðendur greiða gjaldfallið orlofsfé, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, til næstu póststöðvar samkvæmt nánari fyrirmælum póst- og símamálastjórnar. Orlof sjómanna á fiskiskipum má þó inna af hendi þrisvar á ári, þar sem ákvæði eru í kjarasamningum um kauptryggingu og kauptryggingatímabil, eftir 15. maí, 15. september og í árslok. Greiðslunni skal fylgja skilagrein á þar til gerðu eyðublaði, sem ráðuneytið lætur gera í samráði við póst- og símamálastjórnina, eða á öðru því eyðublaði, sem samþykkt er af henni.

Eyðublöð, sem um ræðir í grein þessari, fá launagreiðendur afhent á póststöðvum.

3. gr.

Póststöðvar skulu gera grein fyrir innborguðu orlofsfé samkvæmt nánari reglum pósts og síma eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

4. gr.

Póstur og sími sér um nauðsynlega úrvinnslu þeirra gagna, sem berast frá póststöðvunum.

Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar annast skýrsluvélavinnslu eftir nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnar.

5. gr.

Á þriggja mánaða fresti skal póstur og sími senda launþegum reikningsyfirlit, er sýni fjárhæð móttækis orlofsfjár þeirra vegna, frá hvaða launagreiðendum það er og fyrir hvaða tímabil. Auk þess getur launþegi hvenær sem er fengið slíkt yfirlit gegn því að greiða sérstakt gjald, jafnt burðargjaldi fyrir tvö ábyrgðarbréf af fyrsta þyngdarflokki. Launþegi, sem óskar eftir slíku yfirliti, skal snúa sér til póststöðvar og fylla þar út beiðni á sérstöku eyðublaði.

Þegar launþegi fær reikningsyfirlit póstis og síma skal hann með samanburði við launaseðla sína ganga úr skugga um það, að orlofsfé hafi verið greitt hans vegna svo sem fyrir er mælt í reglugerð þessari.

Telji launþegi, að misbrestur hafi orðið á skilvísri greiðslu orlofsfjár, ber honum að tilkynna það næstu póststöð og leggja fram launaseðla og reikningsyfirlit eða myndrit af þeim máli sínu til stuðnings. Póststöð skal þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna vanskilanna.

6. gr.

Nú kemur í ljós, að launagreiðandi hefur vanrækt greiðslu orlofsfjár og skal þá póstur og sími vekja athygli hans á því og skora á hann að gera full skil þegar í stað eða í síðasta lagi innan þriggja daga.

Beri slík áskorun ekki árangur skal póstur og sími hlutast til um innheimtu þegar í stað.

Póstur og sími skal tilkynna hlutaðeigandi stéttarfélagi og vinnuveitendafélagi um endurtekin vanskil orlofsfjár.

III. KAFLI**Taka orlofs.****7. gr.**

Þegar launþegi hyggst fara í orlof skal hann fá vottorð vinnuveitanda síns um það, hvaða daga hann verði í orlofi. Einnig skal hann fá vottorð trúnaðarmanns verkalýðsfélags síns, þess efnis, að honum sé kunnugt um fyrirhugað orlof.

Á reikningsyfirliti því, sem launþegi fær við lok orlofsárs, skal vera rúm fyrir framangreind vottorð svo og kvittun fyrir móttöku orlofsfjárins.

Gegn framvísun reikningsyfirlitsins, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, með árituðum vottorðum samkvæmt 1. mgr. fær launþegi greitt orlofsfé sitt á póststöð.

8. gr.

Nú kemur í ljós, að vanskil hafa orðið á einhverjum hluta orlofsfjár samkvæmt reikningsyfirliti við lok orlofsárs og skal þá póstur og sími gefa út greiðsluheimild til launþega fyrir því, sem vangreitt reyndist, strax og skil hafa verið gerð á því.

Launþegi framvísar slíkri greiðsluheimild á póststöð með árituðum vottorðum vinnuveitanda og trúnaðarmanns verkalýðsfélags, sbr. 7. gr. um, að hann hafi tekið orlof eða ætli nú að taka það og fær þá greiðslu samkvæmt greiðsluheimildinni.

9. gr.

Launþegi, sem hyggst skipta orlofi sínu og taka aðeins hluta þess í senn, fær greitt orlofsfé í réttu hlutfalli við þann tíma, sem hann hyggst vera í orlofi það sinn, gegn afhendingu lokareikningsyfirlits.

Póststöð afhendir launþega þá nýja greiðsluheimild fyrir afgangi orlofsfjárins. Póst- og símamálastjórnin lætur gera eyðublað fyrir þessa greiðsluheimild með rúmi fyrir vottorð samkvæmt 7. gr.

Við töku síðari hluta orlofs framvísar launþegi þessari greiðsluheimild með tilskildum vottorðum og fær þá greitt orlofsfé í hlutfalli við lengd orlofsins. Skipti launþegi enn orlofi sínu fær hann nýja greiðsluheimild samkvæmt þessari grein.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ánnið orlofsfé í orlofsmerkjum á orlofsárinu 1. maí 1972 til 30. apríl 1973 greiðist launþegum á orlofsárinu 1. maí 1973 til 30. apríl 1974 með sama hætti og var fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

Orlofsmerki, sem launagreiðendur kunna að hafa undir höndum við gildistöku reglugerðar þessarar, fást endurgreidd á öllum póststöðvum, nema bréfafríðingum, til 31. desember 1973.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 87 24. des. 1971 um orlof til þess að öðlast gildi 1. maí 1973 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um orlof nr. 252 28. des. 1971.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júní 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 151.

REIKNINGAR

Iðnlánasjóðs fyrir árið 1971.

Iðnlánasjóður.

Rekstursreikningur árið 1971.

G j ö l d :

Vextir	kr.	20 950 715.85
Reksturskostnaður	—	4 009 810.50
Óafturkræf framlög	—	4 380 821.00
Afskrifað lán	—	6 000.00
Tekjuafgangur	—	75 857 071.65

Kr. 105 204 419.00

T e k j u r :

Vextir	kr.	47 363 207.20
Iðnlánasjóðsgjald, innb. 1971	—	40 500 000.00
Framlag ríkissjóðs	—	15 000 000.00